

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 27. desember 2024

Mál nr. E-960/2024:

Elja – þjónustumiðstöð atvinnulífsins hf.

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður)

gegn

Hjálmari Friðrikssyni

(Gísli Tryggvason lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var 17. desember sl., var höfðað 13. febrúar 2024 af Elju – þjónustumiðstöð atvinnulífsins hf., [...], gegn Hjálmari Friðrikssyni, [...].
- Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

Ómerkingarkrafa

Stefnandi krefst þess að eftirtalin ummæli verði dæmd dauð og ómerk:

- Sannleikurinn er þó að Elja stundar nútíma þrælahald, sem hefur nú dregið mann til dauða á Íslandi.
- Nú hafa þessir vafasömu starfshættir dregið mann til dauða.
- Það ætti ekki að koma neinum á óvart að það má hafa góðar tekjur af þrælahaldi. Svo er raunin með Elju.

Skadabótakrafa

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skadabætur að fjárhæð 6.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. ml. 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 17. október 2023 til 20. nóvember 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Birtingarkrafa

Stefnandi gerir þá kröfu að forsendur og niðurstaða dóms í málinu verði birt á vefsvæði netmiðilsins Samstöðvarinnar, www.samstodin.is, eigi síðar en sjö dögum eftir

dómsuppsögu, að viðlögðum dagsektum að fjárhæð 50.000 krónur fyrir hvern dag sem líður umfram áðurgreindan frest, án þess að birting fari fram.

Málskostnaðarkrafa

Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

- 3 Stefnandi gerir aðallega þá kröfu að bótakröfu stefnanda verði vísað frá dómi og að sýknað verði af öllum öðrum kröfum stefnanda. Til vara krefst stefndi að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda. Til þrautavara krefst stefndi sýknu af bótakröfu stefnanda. Til þrautaþrautavara krefst stefndi algerrar niðurfellingar eða verulegrar lækkunar bótakröfu. Í öllum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar.
- 4 Mál þetta er rekið samhliða máli nr. E-704/2024, Arnar Hauksson, Jón Einar Eyjólfsson og Pétur Árni Jónsson gegn Hjálmari Friðrikssyni, en málin varða sambærilegt sakarefni og málsgrundvöllur beggja málanna er sambærilegur. Voru aðalmeðferðir málanna haldnar samhliða og vitnaleiðslur í þeim sameiginlegar.

Helstu málsatvik

- 5 Stefnandi Elja – þjónustumiðstöð atvinnulífsins hf. (hér eftir Elja) starfrækir starfsmannaleigu. Stefndi er blaðamaður sem starfar hjá Samstöðinni sem er skráður fjölmiðill hjá fjölmiðlanefnd og er í eigu Alþýðufélagsins. Samkvæmt greinargerð stefnda skilgreinir Samstöðin sig sem pólitískan fréttamiðil og vettvang fyrir róttæka samfélagsumræðu og raddir þeirra sem ekki fá rúm í umfjöllun meginstraumsmiðla.
- 6 Hinn 16. október 2023 kom upp eldur að Funahöfða 7 í Reykjavík. Ekki er ágreiningur um að húsnæðið var á þeim tíma að mestu í eigu tveggja félaga sem voru í eigu þriggja eigenda stefnanda en þeir aðilar eru stefnendur í máli nr. E-704/2024 sem rekið er samhliða máli þessu á hendur stefnda. Að auki átti félagið ÞR eignir ehf., sem var að stórum hluta í eigu lífeyrissjóða, stórt rými í byggingunni. Þá er ekki um það ágreiningur að á þeim tíma hafi fasteignin að Funahöfða 7 verið skráð skrifstofu- og iðnaðarhúsnæði í fasteignaskrá og að þar hafi búið nokkur fjöldi erlends verkafólks. Í eldsvoðanum 16. október 2023 lést einn einstaklingur, erlendur aðili sem búið hafði í húsinu.
- 7 Daginn eftir eldsvoðann birti Samstöðin tvær fréttir og var stefndi nafngreindur höfundur beggja fréttanna. Annars vegar var frétt undir fyrirsögninni „Lést í húsi Péturs, Jóns Einars og Arnars“ (í stefnu og hérefrir kallað frétt 1) og hins vegar undir fyrirsögninni „Arnar, Pétur Árni og Jón Einar eru nútíma þrælalaldarar“ (í stefnu og hérefrir kallað frétt 2). Ummæli 1 og ummæli 3 sem krafist er ómerkingar á birtust í frétt 2 en ummæli

2 birtust í frétt 1. Í báðum fréttum Samstöðvarinnar var fjallað um starfsemi stefnanda og eigendur félagsins nafngreindir.

- 8 Í frétt 1 á Samstöðinni sem bar fyrirsögnina „*Lést í húsi Péturs, Jóns Einars og Arnars*“ var birtur hlekkur á frétt á visir.is um málið og var vísað til þeirrar fréttar Vísis sem heimildar um að húsið væri að mestu í eigu tveggja félaga sem væru í eigu framangreindra nafngreindra eigenda stefnanda. Að auki var í frétt stefnda vísað til umfjöllunar í frétt DV frá árinu 2018 og birtur hlekkur sem vísaði til þeirrar umfjöllunar. Lokaorð seinni fréttarinnar eru ummæli nr. 2 sem ómerkingarkrafa stefnanda varðar, þ.e. að nú hafi vafasamir starfshættir stefnanda dregið mann til dauða.
- 9 Í frétt 2, sem ber fyrirsögnina „*Arnar, Pétur Árni og Jón Einar eru nútíma þrælahaldarar*“, voru birtar myndir af framangreindum þremur eigendum stefnanda. Kom fram að húsnæðið að Funahöfða 7, sem væri í eigu helstu eigenda stefnanda, væri ekki skráð sem íbúðarhúsnæði og mætti ætla að brunavarnir hefðu verið eftir því. Hefðu margir erlendir verkamenn þó búið í húsnæðinu. Í fréttinni var birtur hlekkur á áður nefnda fimm ára gamla grein í fjölmiðlinum DV.is og vísað til þess að í þeirri frétt hefði starfsemi stefnanda verið ítarlega lýst og að þar hefði verið fjallað um húsnæði sem starfsmannaleigur gerðu erlendum verkamönnum, sem flestir væru á launaskrá stefnanda, að búa í. Þá segir í fréttinni að í framangreindri frétt DV hafi verið rætt við faglærðan starfsmann stefnanda sem hafi verið greidd lægri laun en ómenntuðum Íslendingum. Þá hafi verið okrað á honum hvað varði leigu, en hann hafi borgað 75.000 kr. fyrir mánaðarleigu á 10 fermetra herbergi sem hann hafi deilt með nokkrum ókunnugum mönnum.
- 10 Í annarri frétt Vísis sem birtist að kvöldi 17. október 2023, var enn fjallað um brunann og haft eftir slökkviliðsstjóra að samskipti við eigendur húsnæðisins hefðu verið til fyrirmyndar, þúsundir byggju í iðnaðarhúsnæði hér á landi og það þyrfti ekki endilega að vera slæmt. Í nefndri frétt Vísis var einnig greint frá því að slökkviliðið hefði gert úttekt á húsnæðinu í apríl sama ár, nokkrar athugasemdir gerðar og tækifæri gefin til úrbóta. Búið hefði verið að bæta úr öllum atriðum nema einu, sem varðaði brunastiga af annarri hæð, sem gefinn hefði verið aukinn frestur til að lagfæra. Þá kemur fram í sömu frétt að bruninn hafi verið í einu brunahólfi, ekki hafi verið mikil reykútbreiðsla og viðvörunarkerfi hafi farið í gang. Þá hafi Funahöfði 7 ekki verið á lista slökkviliðsins um ósamþykkt húsnæði sem farið væri fram á að yrði lokað.

- 11 Stefnandi sendi stefnda kröfubréf 20. október 2023 og krafðist afsökunarbeiðni og leiðréttingar. Í kjölfar kröfubréfs lögmanns stefnanda til stefnda svaraði lögmaður stefnda erindinu á þann veg að stefndi hefði uppfært umræddar fréttir Samstöðvarinnar með því að bæta inn í fréttirnar eftirfarandi málsgrein: „*Þótt brunavarnir hafi verið í sæmilegu horfi, að sögn slökkviliðs, og jafnvel þó að maðurinn hefði sjálfur kveikt neistann sem varð honum að bana, þá er ekki hægt að horfa fram hjá því að hræðilegar aðstæður hans áttu sinn þátt í þessum harmleik, ásamt öðru. Þær aðstæður má með sanni kalla nútíma þrælakhald en sonur hins látna, Adrian Wisniewski, lýsti aðstæðum föður síns í viðtali við Vísi: „Þetta voru slæmar aðstæður, lítil herbergi og margt fólk í litlu rými“.*“
- 12 Mál þetta er rekið samhliða máli nr. E-704/2024 sem einnig varðar ummæli stefnda í sömu fréttum. Við aðalmeðferð málanna gaf stefndi aðilaskýrslu.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

- 13 Stefnandi byggir á því að með ummælunum hafi stefnanda verið gefin að sök refsiverð háttsemi. Umfjöllunin hafi innihaldið gífuryrði og fullyrðingar um að stefnandi legði stund á þrælakhald, hefði af því góðar tekjur og það hefði leitt til dauða manns. Maðurinn sem lést í brunanum hafi þó aldrei unnið hjá stefnanda heldur verið atvinnulaus síðustu árin. Þá hafi fasteignin sem brann aldrei verið í eigu stefnanda.
- 14 Í ummælunum „*Sannleikurinn er þó að Elja stundar nútíma þrælakhald, sem hefur nú dregið mann til dauða á Íslandi*“ í frétt 2 felist fyrirvaralaus staðhæfing um staðreynd um að stefnandi sé þrælakhaldari sem hafi gerst sekur um mansal og að þrælakhald stefnanda hafi verið orsök þess að maður hafi látist. Ummælin séu ásökun um mansal sem varði 12 ára fangelsi, sbr. 227. gr. a í almennum hegningarlögum, og það hafi leitt til andlátsins, sem varði ævilöngu fangelsi, sbr. 211. gr. og 215. gr. laganna. Ummælin séu fyrirvaralaus staðhæfing um staðreynd þess efnis að stefnandi hafi framið alvarlegan glæp er varði 12 ára fangelsi og sé siðferðislega ámælisverð háttsemi í huga almennings. Síðan fullyrði stefndi að þrælakhald stefnanda hafi leitt til dauða manns og það hafi skapað þau hughrif að stefnandi hafi með einhverjum hætti borið ábyrgð á dauða mannsins sem þó hafi aldrei starfað hjá stefnanda heldur verið án atvinnu síðustu ár. Fasteignin sem brann hafi ekki heldur verið í eigu stefnanda. Stefndi hafi verið í vondri trú um réttmæti ummæla sinna. Dauði mannsins hafi verið hörmulegt slys, sbr. frétt Vísis 17. október 2023 þar sem rætt hafi verið við slökkviliðsstjóra sem hafi sagt aðspurður að samskipti við eigendur fasteignarinnar hefðu verið til fyrirmyndar, þeir verið meðvitaðir um hvað

gera þyrfti og samvinna við þá góð. Bruninn hefði verið í einu brunahólfi, ekki mikil reykútbreiðsla og viðvörunarkerfi hefði farið í gang. Stefndi hafi ekki hirt um að ræða sjálfur við slökkviliðsstjóra, vitna í frétt Vísis eða afla sjálfstæðra heimilda.

- 15 Stefnda hafi verið ljóst að hann hefði farið með fleipur enda bætt því við fréttina eftir á að brunavarnir hefðu verið í sæmilegu horfi að sögn slökkviliðs og að maðurinn hefði sjálfur kveikt neistann, þó að aðstæður hans hefðu átt sinn þátt í harmleikum, ásamt öðru. Samt hafi stefndi fullyrt að stefnandi bæri ábyrgð á dauða mannsins. Engin rök styðji fullyrðingar stefnda. Ummælin séu til þess fallin að kasta rýrð á atvinnurekstur stefnanda og valda honum fjárhagslegu og ófjárhagslegu tjóni.
- 16 Um ummælin „*Nú hafa þessir vafasömu starfshættir dregið mann til dauða*“ gildi sömu sjónarmið og þegar hafi verið rakin. Stefndi hafi í fréttinni vísað til fréttar DV frá 2018 um meinta vafasama starfshætti stefnanda og fullyrt að síðan þá hefði ekkert breyst til hins betra heldur versnað. Þegar betur sé að gáð séu starfshættir stefnanda þó ekki vafasamari en svo að starfsmaður stefnanda sem DV hafi rætt við á sínum tíma hafi sagst að mestu leyti vera afar ánægður með að starfa á Íslandi. Viðmót íslenskra yfirmanna og samstarfsmanna hafi verið gott. Borin hafi verið virðing fyrir erlendum starfsmönnum og þeim sýnt vinarþel. Þau orð viðmælandans hafi ekki hentað þeim tilgangi stefnda að draga upp dökka mynd af stefnanda sem þrælalaldara og því hafi stefndi ekki látið þeirra getið. Stefndi hafi því verið í vondri trú um réttmæti ummæla sinna. Af samhengi við önnur ummæli sem krafist sé ómerkingar á sé ljóst að með vafasömum starfsháttum stefnanda hafi stefndi átt við þrælalald eða mansal. Ummælin feli því í sér ásökun þess efnis að stefnandi hafi gerst sekur um mansal sem varði allt að 12 ára fangelsi og að það refsiverða brot hafi leitt til mannslátsins sem varði allt að ævilöngu fangelsi, sbr. 227. gr. a, 211. gr. og 215. gr. almennra hegningarlaga. Ummælin séu einnig ásökun um alvarlega siðferðislega ámælisverða háttsemi sem sé skammarleg í huga almennings. Þau séu til þess fallin að kasta rýrð á atvinnurekstur stefnanda og valda honum fjárhagslegu og ófjárhagslegu tjóni.
- 17 Um ummælin „*Það ætti ekki að koma neinum á óvart að það má hafa góðar tekjur af þrælalaldi. Svo er raunin með Elju*“ gildi sömu sjónarmið og þegar hafi verið rakin. Stefnandi hafi verið nafngreindur í ummælunum og fullyrt án fyrirvara að hann leggi stund á þrælalald og hafi af því góðar tekjur. Ummælin hafi verið staðhæfing um staðreynd um að stefnandi hafi framið alvarlegan glæp sem varði 12 ára fangelsisrefsingu og sé siðferðislega ámælisverð háttsemi í huga alls almennings. Ummælin gefi ekkert

svigrúm til túlkunar heldur feli í sér ásökun um brot gegn 227. gr. a í almennum hegningarlögum. Ummælin séu til þess fallin að kasta rýrð á atvinnurekstur stefnanda og valda honum fjárhagslegu og ófjárhagslegu tjóni.

- 18 Öll ummælin í dómkröfukafla í stefnu séu fullyrðingar, staðhæfingar um staðreyndir sem feli í sér ásökun um refsiverða og siðferðislega ámælisverða háttsemi stefnanda. Öll ummælin séu ærumeiðandi aðdróttanir og feli í sér brot gegn 1. gr. laga nr. 71/1928 um vernd atvinnufyrirtækja gegn óréttmætum prentuðum ummælum, sbr. 235. gr. og 1. og 2. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga og beri að ómerkja þau með vísan til 1. mgr. 241. gr. sömu laga. Ummælin séu ósönn, óviðurkvæmileg, tilhæfulaus og smekklaus og til þess fallin að sverta stefnanda. Hagsmunir hans af ómerkingu séu því miklir.
- 19 Hver sá sem borinn sé sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus uns sekt hans sé sönnuð að lögum, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrár og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Handhafar opinbers valds annist rannsókn og saksókn í sakamálum og dómstólar dæmi um sekt eða sakleysi ákærðra manna. Stefndi hafi svipt stefnanda þessum mannréttindum og úthrópað hann sem þrælshaldara að ástæðulausu. Stefndi hafi þverbrotið flestar reglur sem gildi um störf blaðamanna, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011, 2. og 6. gr. siðareglna BÍ frá 2023 og almennar óskráðar reglur um rétt þess sem skrifað er um til andsvara. Stefndi hafi því ekki verið í góðri trú við ritun fréttanna 17. október 2023.
- 20 Stefndi hafi valdið stefnanda fjártjóni og ófjárhagslegu tjóni sem stefndi beri skaðabótaábyrgð á samkvæmt 1. gr., sbr. 2. gr., laga nr. 71/1928 um vernd atvinnufyrirtækja gegn óréttmætum prentuðum ummælum og b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Með hliðsjón af því sundurliðist skaðabótakrafa stefnanda þannig að krafist sé 3.000.000 kr. vegna fjártjóns og 3.000.000 kr. vegna miska, samtals 6.000.000 kr. auk dráttarvaxta.
- 21 Það sé hlutverk handhafa opinbers valds að rannsaka, ákæra og dæma menn fyrir refsiverða háttsemi, ekki fjölmiðla. Stefndi hafi sakað stefnanda um margvísleg hegningarlagabrot án stoðar. Stefndi sé blaðamaður á fjölmiðli sem skráður sé hjá Fjölmiðlanefnd. Á honum hvíli sérstök skylda til að halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi, uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni og gæta þess að mismunandi sjónarmið komi fram, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 38/2011. Stefndi hafi margbrotið þessar reglur, sem beri að hafa í huga við ákvörðun skaðabóta. Umfjöllunin hafi verið algerlega einhliða og ekki virst vera byggð

á heimildum heldur skoðunum stefnda og óbeit hans á stefnanda, eins og sé augljóst þegar fréttir stefnda séu lesnar. Ásetningur stefnda virðist hafa verið að meiða æru stefnanda.

- 22 Það sé dómvenja að skaðabætur séu dæmdar við ómerkingu ummæla nema eitthvað sérstakt réttlæti að dæma ekki skaðabætur, svo sem að stefndi hafi beðist afsökunar, leiðrétt ummæli eða fjarlægt eða framganga stefnanda hafi með einhverjum hætti verið óforsvaranleg. Slíkt eigi ekki við hér.
- 23 Samkvæmt 1. gr. laga nr. 71/1928 njóti hlutafélög eins og stefnandi sömu réttarverndar og einstaklingar gagnvart óréttmætum prentuðum ummælum, sem séu til þess fallin að valda viðkomandi félagi álitshnekki í atvinnurekstri. Samkvæmt 2. gr. sömu laga skal bæta þeim er misgert er við fjártjón sem viðkomandi færir sönnur á að ummælin hafi valdið. Af dómaframkvæmd sé ljóst að ekki séu gerðar ríkar kröfur til sönnunar á tjóni enda erfitt að færa sönnur á nákvæmt fjártjón sem ummælin hafi valdið á atvinnurekstri stefnanda.
- 24 Það hafi verið alvarlegt fyrir atvinnurekstur stefnanda að þurfa að sitja undir ásökunum um mansal, þrældóm og þrælahald sem hafi dregið mann til dauða. Slíkt geti leitt til tapaðra viðskipta, tjóns á viðskiptavild og minnkandi áhuga starfsfólks á að vinna hjá stefnanda. Því geri stefnandi kröfu um skaðabætur vegna fjártjóns að fjárhæð 3.000.000 kr. eða að öðrum kosti að álitum.
- 25 Miskabótakrafa stefnanda, að fjárhæð 3.000.000 kr., grundvallist á því að stefndi hafi framið ólögmeta meingerð, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga og dómvenju um greiðslu skaðabóta þegar ómerkingarkrafa er tekin til greina. Hér hafi verið um alvarlegar og rangar aðdróttanir að ræða sem hafi verið bornar út og birtar opinberlega gegn betri vitund stefnda. Ummælin hafi verið til þess fallin að valda atvinnurekstri stefnanda álitshnekki. Réttur stefnanda sé varinn af 71. gr. stjórnarskrár, 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, XXV. kafla almennra hegningarlaga og lögum nr. 71/1928.
- 26 Krafa stefnanda um birtingu dóms á vefsvæðinu www.samstodin.is byggist á 2. mgr. 59. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla. Samkvæmt dómvenju sé ekki nauðsynlegt að stefna útgáfufélagi fjölmiðilsins enda sé krafan byggð á skýrum lagaáskilnaði ákvæðisins.
- 27 Stefnandi krefst vaxta skv. 1. ml. 4. gr., sbr. 8. gr., laga nr. 38/2001 og dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga. Upphafstími dráttarvaxta sé þegar mánuður sé liðinn frá dagsetningu kröfubréfs stefnanda.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

- 28 Um aðalkröfu um frávísun fébótakröfu vísar stefndi til þess að stefnandi geri 6.000.000 kr. óskipta skaðabótakröfu með einn upphafstíma vaxta og annan upphafstíma dráttarvaxta en geti þess svo í kafla um málsástæður að skaðabótakrafan sundurliðist í kröfu um miskabætur að fjárhæð 3.000.000 kr. og kröfu um bætur fyrir fjártjón að fjárhæð 3.000.000 kr. Stefndi krefjist frávísunar vegna þessa misræmis enda sé slík kröfugerð óskýr og um vanreifun að ræða.
- 29 Um varakröfu um sýknu af ómerkingarkröfu stefnanda telji stefndi að ummælin hafi verið liður í að skapa umræðu um kröfur um brunavarnir í ljósi nýlegrar þróunar og sífelldrar fjölgunar bruna í iðnaðarhúsnæði þar sem leigutakar brenni jafnvel inni. Samanburður á reglugerðum um brunavarnir frá 1994 og 2017 bendi til þess að kröfur hafi verið stórskertar og að auðveldara sé nú að skrá búsetu fólks í iðnaðarhúsnæði.
- 30 Tjáningin varði tvö svið sem njóti sérstakrar verndar tjáningarfrelsisákvæða stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu, þ.e. stjórnmalalega tjáningu og tjáningarfrelsi fjölmiðla. Stefndi sé blaðamaður hjá hinum pólitíska fjölmiðli Samstöðinni sem sé í eigu grasrótarsamtakanna Alþýðufélagsins og skilgreini sig sem fréttamiðil og vettvang „*fyrir róttæka samfélagsumræðu og raddir þeirra sem ekki fá rúm í umfjöllun meginstraumsmiðla*“. Málið sé brýnt og nú í deiglunni og varði félagslegar aðstæður erlendra verkamanna, búsetuaðstæður þeirra og fleira.
- 31 Stefndi sé ekki sakaður um neinar athafnir eða athafnaleysi. Í ummælunum felist aðeins huglægt mat stefnda sem í versta falli gæti fallið undir móðgun skv. 234. gr. almennra hegningarlaga en ekki sé á því byggt af stefnanda.
- 32 Hvergi í umræddum fréttum hafi verið dróttað að stefnanda að hafa valdið dauða manns. Fjallað hafi verið um að vafasamir starfshættir, „*nútíma þrælahald*“, hefðu dregið mann til dauða. Tilvísun stefnanda til 211. gr. og 215. gr. almennra hegningarlaga um manndráp af ásetningi og gáleysi eigi ekki við. Með hliðsjón af dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu varðandi gildishlaðin ummæli í opinberri umræðu megi telja ummæli stefnda neikvæðan gildisdóm um að ekki sé hægt að horfa fram hjá því að félagslegar aðstæður hins látna, sem stefnendur hafi almennt hagnast á, hafi átt sinn þátt í harmleiknum, ásamt öðru.
- 33 Hræðilegum aðstæðum hins látna hafi verið lýst í viðtali við son hans, Adrian Wisniewski, í Vísi þar sem fram hafi komið að herbergin hafi verið lítil og margt fólk í litlu rými.

- 34 Fréttirnar innihaldi engar aðdróttanir á hendur stefnanda heldur aðeins samsettu hugtökin „*nútíma þrælahald*“ og „*nútíma þrælahaldarar*“ með fyrirvaranum „*nútíma*“. Þau ummæli séu ekki óþarflega hörð eða sérlega meiðandi. Af heildarsamhengi í hinum stuttu fréttum leiði að þar sem rætt sé um þrælahald og þrælahaldara án „*nútíma*“-forskeytisins tilheyri sá fyrirvari ummælunum öllum.
- 35 Löng hefð sé fyrir því að nota hugtakið „*nútímaþrælahald*“ í samhengi við afspyrnu slæmt starfsmannahald, hvort sem það varði laun, önnur kjör eða aðrar aðstæður verkafólks. Fjöldmörg dæmi séu um það að finna á Tímarit.is, stafrænu safni íslenskra fjölmiðla, hið elsta frá 1957 og síðan æ oftár. Meðal dæma um notkun hugtaksins séu skrif sjómanns 15. janúar 1988 í dagblaðinu Vísi um léleg starfskjör erlendra sjómanna á skipum skráðum í Panama. Hinn 21. mars 2000 hafi láglaunakonur í Eflingu sagt í DV að aðstæður þeirra væru ekkert annað en „*nútímaþrælahald*“. Þá hafi hugtakið helst verið notað um mansal í kynlífsiðnaði en einnig í fréttum um starfsmannaleigur. Í Fréttablaðinu 2. febrúar 2006 hafi birst frétt undir fyrirsögninni „*Ekki nútímaþrælahald*“. Þá hafi starfsmannaleigur verið fremur nýjar af nálinni en þó hafi erlendir eigandi viljað ítreka og undirstrika að ekki væri um nútímaþrælahald að ræða. Væntanlega hefði hann ekki svarið af sér nútímaþrælahald að fyrri bragði nema slík hugrenningatengsl væru almennt sterk.
- 36 Í áburði eða einkunnagjöf um „*nútíma*“ þrælahald felist vitaskuld aðeins mat stefnda sem gildishlaðin lýsing aðstæðna með staðreyndarþætti en ekki ásökun um refsiverðan verknað. Þetta sé svipað því og rætt sé í daglegu tali um fyrirbæri frá öðrum tíma eða svæði í yfirfærðri merkingu í tíma eða rúmi.
- 37 Stefndi hafi ekki notað lagalega refsihugtakið mansal eða ýjað að öðru refsiverðu athæfi. Fyrirliggjandi dómafordæmi sýni að m.a.s. beri ekki að skilja ásökun um ólöglegt athæfi bókstaflega sem staðhæfingu um staðreynd heldur meira í ætt við gildisdóm. Jafnvel einkunnir sem tengist hinum alvarlegustu glæpum beri stundum að meta heildrænt sem gildisdóma en ekki ásökun um refsivert athæfi. Starfshættir og starfsemi sem stefnandi stundi geti í almennum málskilningi og þjóðfélagsumræðu fallið undir slíkan áburð og leitt til slíkrar einkunnagjafar. Það verði stefnandi að þola en hann sé óumdeilanlega virkur þátttakandi á óvægnum kapítalískum markaði sem í einhverjum skilningi sé markaður með fólk, þ.e. sem leigutaka og í öðrum tilvikum sem launafólk. Á þessum markaði séu bæði greidd lág laun og há leiga þannig að farið sé illa með starfsfólk og

leigutaka á tvennan hátt og aðstæður þeirra séu verri en hjá láglaunafólki almennt á Íslandi.

- 38 Ummæli stefnda séu aðallega sönn, a.m.k. með formerkinu og fyrirvaranum „*núttíma*“ og þegar litið sé til áréttingar í uppfærslu fréttarinnar strax í kjölfar bréfs lögmanns stefnanda. Viðurlögum verði ekki beitt vegna sannra ummæla.
- 39 Til vara byggir stefndi á því að a.m.k. nægilegur staðreyndargrunnur hafi verið fyrir ummælunum. Stefndi verði enda ekki krafinn um staðreyndarsönnun varðandi þá tengingu sem stefnandi sjálfur geri, m.a. í stefnu með tilvísun til þriggja ákvæða almennra hegningarlaga. Líta verði til þess vegna starfsemi stefnanda á markaði. Slíkar bágbornar búsetuaðstæður séu títt og sífellt algengara fréttæfni hérlendis og alkunna.
- 40 Fallist dómurinn á tengingu stefnanda varðandi meint hughrif ummællanna telur stefndi til þrautavara að eftirtaldar málsástæður eigi engu að síður að leiða til sýknu: Gildisdómar, góð trú, þörf umræða um mikilvæg mál, áhættutaka fyrirvarsmanna, kælingaráhrif, alvarleikastig, útbreiðsla, almannaheill, arðsemisrekstur og lýðræðissamfélag.
- 41 Stefndi krefst sýknu af skaðabótakröfum stefnanda í vara- og þrautavarakröfum, jafnvel þó fallist yrði á ómerkingarkröfu. Í því fælist hæfilegra jafnvægi milli æruverndar stefnanda og tjáningarfrelsis stefnda og mikilvægs hlutverks fjölmiðla í lýðræðissamfélagi. Krafist sé sýknu af miskabótakröfu þar sem annars vegar eigi lög nr. 71/1928 ekki við um miskabótakröfu stefnanda heldur fyrst og fremst refsivernd tilgreindra lögaðila. Hins vegar hafi ummælin ekki haft miska í för með sér fyrir stefnanda, m.a. að teknu tilliti til áréttingar stefnda. Af fjárbótakröfu stefnanda sérstaklega er einnig krafist sýknu. Ósannað sé án matsgerðar og almennt ólíklegt að ummælin hafi verið til þess fallin að valda fjártjóni. Til vara sé krafist lækkunar bótafjárhæða vegna arðsemisrekstrar stefnanda og meðábyrgðar sem og eignaleysis stefnda og lágra launa. Fjölmiðillinn sé rekinn í almannabágu eingöngu og því sé krafist niðurfellingar eða lækkunar bóta, sbr. 1. mgr. 24. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, og með vísan til meðábyrgðar stefnanda á hugsanlegum miska sínum og fjártjóni vegna óheflaðs arðsemisrekstrar óháð félagslegum aðstæðum. Áhættutaka tjónþola falli einnig undir meðábyrgð hans.
- 42 Upphafstíma vaxta, einkum dráttarvaxta, sé mótmælt enda hafi engin fjárkrafa verið gerð í kröfubréfi lögmanns stefnanda, dags. 20. október 2023. Þá sé með vísan til kælingaráhrifa og annarra málsástæðna stefnda krafist að málskostnaður verði látinn

niður falla, að fullu eða að mestu leyti, yrði fallist á kröfur stefnanda. Þó krefst stefndi fulls málskostnaðar sér til handa, sbr. 130. gr. laga um meðferð einkamála. Stefndi krefst einnig sýknu af birtingarkröfu vegna aðildarskorts.

Niðurstaða

- 43 Krafa stefnanda er um ómerkingu ummæla, greiðslu skaðabóta og um birtingu forsendna og niðurstaðna dóms. Í 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 kemur fram að í meiðyrðamáli megi dæma óviðurkvæmileg ummæli ómerk, ef sá krefst þess sem misgert er við. Slík ómerking felur í sér eftirfarandi takmörkun á tjáningarfrelsi og því getur ekki komið til hennar nema að fullnægðum skilyrðum 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. og 2. mgr. 10. gr. mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þar er mælt fyrir um að tjáningarfrelsi verði einungis settar skorður með lögum, í þágu tiltekinna markmiða sem þar eru tilgreind og að því uppfylltu að skorðurnar teljist nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum, eða að nauðsyn beri til þeirra í lýðræðislegu þjóðfélagi, eins og það er orðað í mannréttinasáttmála Evrópu.
- 44 Stefnandi gerir í máli þessu m.a. kröfu um greiðslu skaðabóta að fjárhæð 6.000.000 króna ásamt nánar tilgreindum vöxtum. Stefndi hefur aðallega krafist frávísunar bótakröfunnar þar sem í málsástæðnakafli í stefnu komi fram að bótakrafan sundurliðist í kröfur um miskabætur að fjárhæð 3.000.000 króna og skaðabætur fyrir fjártjón að fjárhæð 3.000.000 króna. Um sé að ræða misræmi milli dómkröfu og málsástæðna sem leiði til frávísunar vegna óskýrrar kröfugerðar og vanreifunar. Það er álit dómsins að framsetning dómkröfunnar kæmi í öllu falli ekki í veg fyrir að unnt væri að dæma skaðabætur fyrir fjártjón. Framsetningin telst standast áskilnað laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og ekki er að sjá að framangreint hafi á neinn máta gert stefnda erfitt fyrir að grípa til varna í málinu. Ekki er því fallist á að bótakrafa stefnanda sé að þessu leyti svo vanreifuð að vísa beri henni frá dómi.
- 45 Stefnandi er lögaðili. Þótt lögaðilar njóti verndar almennra laga gegn óréttmætum ummælum, þ.m.t. 1. mgr. 241. gr. og nokkurra annarra ákvæða XXV. kafla almennra hegningarlaga, hafa þeir ekki verið taldir njóta stjórnarskrárbundinnar æruverndar, svo sem einstaklingar gera skv. 71. gr. stjórnarskrárinnar. Ýmis grunnrök æruverndar verða enda illa heimfærð á lögaðila, til dæmis á þann hátt að ærumeiðingar gangi nærri persónu þeirra og tilfinningalífi eða andlegu og líkamlegu sjálfræði. Þótt lögaðilar hafi hagsmuni af því að verða ekki fyrir óréttmætu umtali eru þeir hagsmunir öðruvísi en í tilviki einstaklinga og fremur viðskiptalegs eðlis. Þetta skiptir máli við mat á því hvort

skilyrðum til takmörkunar á tjáningarfrelsi er fullnægt. Þannig þarf meira til að koma en í tilviki einstaklinga svo að ómerking í þágu lögaðila teljist uppfylla skilyrði 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar um nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi, enda hvílir takmörkun tjáningarfrelsis þá ekki á markmiðum um vernd gagnstæðs stjórnarskrárbundins réttar, líkt og í tilviki einstaklinga. Um þetta hefur dómurinn til hliðsjónar dóm Landsréttar 3. febrúar 2023 í máli nr. 724/2021, einkum mgr. 8.

- 46 Í dómaframkvæmd Hæstaréttar og Mannréttindadómstóls Evrópu hafa mótast viðmið og reglur sem ber að beita við úrlausn um álitaeftnið. Heimildir til að takmarka tjáningarfrelsi samkvæmt 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu ber að skýra þröngt og þurfa þær að grundvallast á nauðsyn í lýðræðisþjóðfélagi.
- 47 Talið hefur verið að umræða um þjóðfélagsmál og tjáning sem er framlag til umræðu sem varðar almenning njóti aukinnar verndar tjáningarfrelsis, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar frá 9. febrúar 2022 í máli nr. 38/2021 og dóm Mannréttindadómstólsins 4. maí 2017 í máli nr. 44081/13 (*Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi*). Sönn ummæli leiða almennt ekki til ábyrgðar, jafnvel þótt þau teljist ærumeiðandi. Þannig takmarkast heimildir til að halda fram lögbroti ekki við tilvik þar sem stjórnvöld eða dómstólar hafa þegar komist að niðurstöðu um slíkt brot. Á hinn bóginn er ljóst, svo dæmi sé tekið, að 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar er því ekki til fyrirstöðu að ómerkt séu ósönn ummæli sem sett eru fram af engu tilefni og í vondri trú, sbr. fyrrgreindan dóm Landsréttar í máli nr. 724/2021. Við mat á því hvort ummæli skuli sæta takmörkunum skiptir þannig máli hvort fremur ber að líta á þau sem gildisdóm en staðhæfingu um staðreynd. Gildisdómar njóta aukinnar verndar og verður mönnum ekki gert að sanna þá eða þeim refsað fyrir tjáninguna takist ekki slík sönnun, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar 29. janúar 2009 í máli nr. 321/2008.
- 48 Við mat á því hvort takmörkun ummæla teljist nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi skiptir máli að líta til breiðara samhengis þeirra. Ekki er fært að horfa einangrað til þeirra orða sem stefnandi telur meiðandi heldur verður að skýra þau út frá tjáningunni í heild, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 15. desember 2005 í máli nr. 181/2005 og framangreindan dóm Landsréttar í máli nr. 724/2021.
- 49 Þegar litið er til beggja fréttanna sem ummælin sem mál þetta varðar voru hluti af verður lagt til grundvallar að fréttirnar hafi verið liður í almennri þjóðfélagsumræðu um aðstæður og aðbúnað erlends verkafólks, einkum búsetuaðstæður þeirra. Slík þjóðfélagsumræða hefur verið virk í langan tíma og nafn stefnanda raunar áður komið

fram í þeirri umræðu fyrir margt löngu. Í því sambandi er til þess að líta að í annarri fréttinni sem stefndi ritaði var birtur hlekkur á fimm ára gamla frétt um starfshætti stefnanda, af fréttamiðlinum DV.is þar sem fjallað var um þröng búsetuskilyrði og aðbúnað erlends verkafólks, lág laun þeirra og háa húsaleigu.

- 50 Samkvæmt framangreindu verður að skoða ummælin í ljósi opinberrar umræðu um þessi brýnu málefni erlends verkafólks hérlendis, en m.a. hafa verið lagðar fram fréttir og umræður um þann aðbúnað, búsetu og laun, að það búi oft margt saman í litlum vistarverum og jafnvel deili herbergjum með öðrum. Í slíkum vistarverum hafa svo sem kunnugt er ítrekað komið upp eldsvoðar, þar með talinn sá sem ummæli stefnda lutu að, sem valdið hafa andlátum sbr. til dæmis dóm Landsréttar 10. júní 2022 í máli nr. 590/2021. Leggja verður til grundvallar að umræða um þessi atriði eigi erindi við almenning og sé mikilvægur þáttur í þjóðfélagsumræðu. Umfjöllunarefni fréttanna sem ummælin voru hluti af snýr þannig að samfélagslegu málefni sem eðlilegt og nauðsynlegt er að komi til almennrar umræðu. Þau ummæli stefnda sem krafist er ómerkingar á féllu í tilefni af þessari umræðu og verða ótvírætt rakin til hennar.
- 51 Fyrstu ummælin sem stefnandi krefst ómerkingar á, „*Sannleikurinn er þó að Elja stundar nútíma þrælahald, sem hefur nú dregið mann til dauða á Íslandi*“, birtust í fyrstu málsgrein fréttar 2 sem stefndi skrifaði á miðilinn samstodin.is og birtist 17. október 2023. Í nefndri frétt var fjallað um starfsemi stefnanda og hún gagnrýnd eins og rakið er í málsatvikakafli. Í fréttinni kemur fram að fasteignin sem brann, Funahöfði 7 í Reykjavík, hafi ekki verið skráð sem íbúðarhúsnæði og margir erlendir verkamenn hafi búið þar. Fasteignin er sögð vera í eigu helstu eigenda stefnanda og þeir einnig nafngreindir, en fyrir þessu var vísað til fréttar á visir.is sem heimildar og birtur hlekkur sem leiðir til þeirrar tilteknu fréttar. Þá var birt mynd af eigendum stefnanda þar sem þeim hafði verið skeytt saman við mynd af umræddri fasteign. Eins og áður segir er einnig að finna hlekk í fréttinni á fimm ára gamla frétt í DV um starfsemi stefnanda. Þá segir í fréttinni að eigendur stefnanda hafi skv. umræddri frétt DV „*troðfyllt*“ húsnæði af erlendum verkamönnum. Síðan segir: „*Sú þrælakista stóð við Malarás 16, var þá í eigu dótturfélags Gamma, en í þessu 322 fermetra einbýlishúsi voru 122 útlendingar skráðir með lögheimili. Flestir voru á launaskrá Elju.*“ Ummælin beindust að stefnanda sem var nafngreindur í báðum fréttunum.
- 52 Til þess er að líta að orðið þrælahaldarar getur vissulega vegið að mannorði þess sem það er haft um. Ekki er þó á það fallist að það vísi eitt og sér til tiltekins refsiverðs verknaðar

sem viðkomandi er sakaður um en í því sambandi hefur stefnandi vísað til 227. gr. a í almennum hegningarlögum. Telja verður að orðin þrælahald og þrælahaldari séu raunar oft notuð með almennum hætti um háttsemi sem sá sem orðin notar telur ámælisverða. Enn frekar eigi það við þegar bætt hefur verið við forskeytinu nútíma, „*nútíma*“ þrælahaldarar. Ekki er á það fallist að orðið þrælahaldari eða nútíma þrælahaldari, eins og það er notað í ummælunum sem og í því framangreinda samhengi sem ummælin eru metin í, feli í sér staðhæfingu eða ásökun um mansal eða brot gegn 227. gr. a í almennum hegningarlögum. Raunar telur dómurinn til þess að líta að í sumum tilvikum sé jafnvel unnt að telja að bein ásökun um refsiverðan verknað geti, í samhengi við umfjöllunina sem slík ummæli eru sett fram í, samt sem áður verið metin sem gildisdómur sem óheimilt sé að takmarka tjáningu á, sbr. dóm Mannréttindadómstóls Evrópu 29. júní 2005 í máli nr. 75955/01, einkum mgr. 46 (*Sokolowski gegn Póllandi*).

- 53 Þó svo að ummælin séu harkaleg og truflandi verður að meta þau heildstætt í samhengi við báðar umræddar fréttir Samstöðvarinnar sem stefndi ritaði sem og í samhengi við heildarumræðuna um aðbúnað erlends verkafólks og þá húsbruna sem í vistarverum þeirra hafa orðið. Með framsetningu ummælanna og í framangreindu samhengi hafa ummælin fremur yfirbragð gildisdóms en beinnar staðhæfingar um staðreynd, sbr. einnig til hliðsjónar dóma Landsréttar 4. mars 2022 í máli nr. 726/2020 og 5. mars 2021 í máli nr. 34/2020.
- 54 Fallast verður á það með stefnda að ummælin í heild og fréttirnar sem þau voru hluti af beri það með sér að tilgangur þeirra hafi verið framlag til umræðu um bága stöðu erlendra verkamanna héraendis. Þó svo að ummælin séu óvægin verður ekki fallist á að sýnt hafi verið fram á að ummælin eða fréttirnar sem þau birtust í hafi haft þann tilgang einan að móðga eða niðurlægja stefnanda af hreinum illvilja, sbr. til hliðsjónar m.a. dóm Mannréttindadómstóls Evrópu 19. október 2011 í máli nr. 23954/10, einkum mgr. 20 (*UJ gegn Ungverjalandi*) og dóm Mannréttindadómstóls Evrópu 11. maí 2014 í máli nr. 4678/07 og 50591/12, einkum mgr. 66 (*Tesic gegn Serbíu*).
- 55 Ummælin í heild sinni sem gildisdómur teljast samkvæmt öllu framangreindu hafa næga stoð í staðreyndum. Þar er einkum litið til þess að í annarri frétt stefnda, þ.e. frétt 1, var birtur hlekkur á frétt á Vísir.is sem heimild þar sem stefnandi og eigendur hans voru einnig nafngreindir, og í frétt 2 birtist hlekkur á eldri frétt DV um starfsemi stefnanda, og var vísað til umfjöllunar sem þar kom fram. Að sama skapi verður ekki annað séð en að stefndi hafi verið í góðri trú um réttmæti ummælanna þegar þau féllu að virtu því sem

komið hafði fram í umræðunni, m.a. í nefndri frétt DV. Verður stefndi ekki krafinn frekari sönnunar í þeim efnum, sbr. m.a. dóm Mannréttindadómstóls Evrópu 26. október 2011 í máli nr. 41262/05, einkum mgr. 96 (*Ringier Axel Springer Slovakia A.S. gegn Slóvakíu*).

- 56 Ummælin sem krafist er ómerkingar á birtust á vefsíðunni samstodin.is sem er skráður fjölmiðill, sbr. 14. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011. Þótt stefndi teljist blaðamaður verður ekki þar með útilokað að honum sé heimilt að tjá skoðanir sínar, draga ályktanir eða setja fram gildisdóma skv. framangreindu, sbr. dóm Mannréttindadómstóls Evrópu 24. febrúar 1997 í máli nr. 19983/92, einkum mgr. 44, 47 og 48 (*De Haes og Gijssels gegn Hollandi*).
- 57 Að öllu framangreindu virtu verður lagt til grundvallar að þótt ummælin hafi verið óvægin hafi stefndi, sem blaðamaður og sem þátttakandi í framangreindri þjóðfélagsumræðu, ekki farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns.
- 58 Önnur ummælin sem stefnandi krefst ómerkingar á „*Nú hafa þessir vafasömu starfshættir dregið mann til dauða*“, birtust í annari frétt af tveimur (þ.e. frétt 1) sem stefndi ritaði. Af samhengi ummælanna verður ráðið að þeir starfshættir sem skv. ummælunum hafi verið vafasamir og dregið mann til dauða hafi verið viðhafðir af stefnanda og ummælin þannig beinst að honum. Með vísan til allra sömu sjónarmiða og þegar eru rakin varðandi fyrstu ummælin verða framangreind ummæli einnig talin liður í sömu þjóðfélagsumræðu og rakin er að framan. Verður ekki fallist á að stefndi hafi farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns með þessum ummælum.
- 59 Þriðju ummælin sem stefnandi krefst ómerkingar á, „*Það ætti ekki að koma neinum á óvart að það má hafa góðar tekjur af þrælalaldi. Svo er raunin með Elju*“ birtust einnig í sömu frétt og fyrstu ummælin, þ.e. í frétt 2. Til viðbótar við allt það sem að framan er rakið verður lagt til grundvallar að hvað sem því líði að þessi ummæli innihaldi ekki forskeytið „*nútíma*“ við orðið þrælalald teljist ummælin samt sem áður til gildisdóms. Áréttað er að jafnvel ásakanir um refsivert athæfi teljist ekki fyrirvaralaust til staðhæfingar um staðreyndir heldur geti talist gildisdómar. Orðið þrælalald verður í þessum þriðju ummælum ekki talið sett fram í annari merkingu en þeirri sem þegar hefur skv. niðurstöðu dómsins talist falla innan marka heimillar tjáningar stefnda. Verður ekki fallist á að stefndi hafi farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns með ummælunum.
- 60 Samkvæmt öllu framangreindu, og að teknu tilliti til þess sem áður er rakið um að í máli þessu er krafist ómerkingar ummæla í þágu lögaðila en ekki einstaklings, telur dómurinn að sú tjáning sem um er deilt rúmist innan tjáningarfrelsis stefnda samkvæmt 73. gr.

stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Takmörkun tjáningar stefnda með ómerkingu ummæla eða skyldu til greiðslu miskabóta eða bóta vegna fjártjóns telst þannig ekki uppfylla skilyrðið um nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi. Verður lagt til grundvallar að nægar ástæður hafi verið fyrir hendi, sem réttlættu umfjöllunina í heild. Þykir það ekki standa í vegi fyrir framangreindri niðurstöðu þó svo að stefnandi hafi ekki verið eigandi húsnæðisins sem brann, heldur hafi eigendur og stjórnendur stefnanda í gegnum eignarhald á öðrum félögum einnig verið eigendur stórs hluta húsnæðisins, rétt eins og útskýrt er í frétt 1. Af samhengi heildarumfjöllunar stefnda er ljóst að þar er fjallað um starfshætti stefnanda og eigenda og stjórnenda þess félags sem jafnframt eru stefnendur í máli því sem rekið er samhliða máli þessu fyrir dóminum.

- 61 Að fenginni þessari niðurstöðu eru ekki efni til annars en að sýkna stefnda jafnt af ómerkingarkröfu stefnanda, kröfu hans um skaðabætur og kröfu um birtingu dóms. Verður stefndi því sýknaður af öllum kröfum stefnanda.
- 62 Að virtum úrslitum málsins og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn með þeim hætti sem greinir í dómsorði að meðtöldum virðisaukaskatti. Við ákvörðun málskostnaðar er tekið mið af umfangi málsins og því að samhliða eru rekin tvö mál fyrir dóminum á hendur stefnda.
- 63 Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður flutti málið fyrir stefnendur og Gísli Tryggvason lögmaður fyrir stefnda. Sigríður Rut Júlíusdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hjálmar Friðriksson, er sýkn af kröfum stefnanda, Elju – þjónustumiðstöðvar atvinnulífsins hf.

Stefnandi greiði stefnda 930.000 krónur í málskostnað.

Sigríður Rut Júlíusdóttir